

Fundargerð 153. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 13. september 2024

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 10:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson, Axel Örn Sveinbjörnsson, Sæunn Stefánsdóttir og Díana Mjöll Sveinsdóttir. Lárus Heiðarsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri, ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Fundargerð stjórnarfundar [152](#) til kynningar.
2. Helstu verkefni Austurbrúar – skýrsla framkvæmdastjóra
 - Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Austurbrúar á næstu vikum í byggða- og atvinnumálum, fræðslumálum, markaðs- og menningarmálum, innri málum og málefnum SSA. Haustið er mikill annatími hjá Austurbrú: BRAS - menningarhátíð barna og ungmenna er hafin, opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Austurlands, Stóriðjuskólinn var settur í byrjun september, Starfamessa Austurlands og Matarmót Matarauðs Austurlands er framundan, FAM-ferð til Austurlands og heimsókn Ferðamálastjóra fyrirhuguð, Haustþing SSA, kjördæmavika, fjármálaráðstefna sveitarfélaga, stjórnarfundur Byggðastofnunar á Stöðvarfirði, gerð nýrrar sóknaráætlunar og ýmislegt fleira.
3. Starfsmannamál Austurbrúar
 - Framkvæmdastjóri tilkynnti stjórn ráðningu á nýjum starfsmanni inn í fræðsluteymi Austurbrúar og sagði frá öðrum breytingum á starfsmannahaldi.
4. Önnur mál
 - Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið kl. 11:00.

Undirritunarsíða

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Axel Örn Sveinbjörnsson

Sæunn Stefánsdóttir

Eypór Stefánsson

Stefán Þór Eysteinnsson

Díana Mjöll Sveinsdóttir